

REGLUGERÐ

um skilorðseftirlit.

1. gr.

Ríkið starfrækir stofnun til þess að annast umsjón og eftirlit með þeim, sem frestað er ákæru gegn, dæmdir eru skilorðsbundið eða leystir eru úr fangelsi með skilyrðum. Aðsetur stofnunarinnar er í Reykjavík. Nefnist hún Skilorðseftirlit ríkisins.

2. gr.

Dómsmálaráðherra fer með yfirstjórn stofnunarinnar og honum til aðstoðar við yfirstjórnina skal vera 5 manna stjórnarnefnd, sem ráðherra skipar. Eftirtöldum aðilum skal gefinn kostur á að tilnefna mann í stjórnina: Saksóknara ríkisins, yfirsakadómaranum í Reykjavík, Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Félagasamtökunum Vernd eða samsvarandi áhugamannasamtökum, hætti fyrirnefnd félagasamtök starfsemi sinni. Ráðherra skipar formann stjórnarinnar án tilnefningar.

Ráðherra skipar forstöðumann, sem annast daglega stjórn stofnunarinnar. Æskilegt er, að forstöðumaður hafi háskólapróf og hafi kynnt sér sérstaklega eftirlit með brotamönnum utan fangelsa.

Við stofnunina skulu starfa eins margir umsjónarmenn eins og þörf krefur hverju sinni að mati ráðherra. Auk þess skal starfa við stofnunina annað starfslið eftir nánari ákvörðun ráðherra.

Til aðstoðar við umsjón og eftirlit er heimilt að ráða aðstoðarfólk í hlutastarf.

3. gr.

Eftirlitið skal vera fólgið í því að fylgjast með högum hins skilorðsbundna á skilorðstímanum, en jafnframt skal leitast við að aðstoða hann, svo sem með útvegum atvinnu og með því að veita honum aðstoð við að njóta félagslegrar fyrirgreiðslu, bæði hjá viðkomandi sveitarfélagi, og öðrum þeim aðilum, sem slíka aðstoð geta veitt.

4. gr.

Starfsmenn stofnunarinnar skulu, eftir því sem tök eru á, kynna sér hagi fanga í því skyni að undirbúa eftirlit og umsjón, þegar fangelsisvistinni lýkur.

Starfsmennirnir skulu einnig vera til aðstoðar við að leysa félagsleg vandamál fanga eftir því sem starfstími leyfir.

Stofnuninni er heimilt, eftir því sem aðstæður leyfa hverju sinni, að veita þeim, sem lokið hafa afplánun dóma að fullu, aðstoð við öflun atvinnu og húsnæðis á sama hátt og þeim, sem undir eftirliti eru.

5. gr.

Stofnunin skal leita eftir samstarfi við frjáls félagasamtök og einstaklinga, sem áhuga hafa á að veita brotamönnum aðstoð, bæði utan fangelsa og innan.

6. gr.

Stofnunin skal hafa samstarf við félagsmálastofnanir í sveitarfélögum brotamanna um útvegum húsnæðis, atvinnu og hvers konar félagslega aðstoð, sem brotamaðurinn kann að þarfnast, meðan hann er undir eftirliti.

Sömuleiðis skal stofnunin beita sér fyrir því, að brotamenn njóti endurhæfingar eftir því sem fánlegt er hverju sinni.

7. gr.

Stofnuninni er heimilt að hafa með höndum rekstur íbúðarhúsnæðis fyrir þá, sem leystir eru úr fangelsi, meðan þeir bíða varanlegs húsnæðis.

Dvöl í slíku húsnæði skal að jafnaði ekki vara lengur en 1 mánuð.

8. gr.

Þegar lokið er skilorðstíma brotamannsins, skal tilkynna þeim aðila, sem ákvað eftirlitið um árangur þess, en verði skilyrði þau, sem brotamanninum eru sett, rofin á skilorðstímanum, skal það tilkynnt þegar í stað til viðkomandi aðila.

9. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

1) Þegar stofnunin tekur til starfa, flyst til hennar eftirlit það, sem Félagasamtökunum Vernd hefur verið falið með þeim, sem veitt hefur verið skilorðsbundin náðun. Eftirlit, sem öðrum aðilum hefur verið falið, er stofnuninni heimilt að taka við, eftir því sem þeir aðilar óska.

2) Stofnunin skal taka við starfsemi þeirri, sem Félagasamtökin Vernd nú annast fyrir brotamenn, að svo miklu leyti sem það samrýmist þessari reglugerð og í samráði við félagasamtökin.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli nr. 38 24. apríl 1973, öðlast gildi 1. apríl 1974.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. janúar 1974.

Ólafur Jóhannesson.

Jón Thors.

SAMÞYKKT

um sorphreinsun fyrir Borgarnes.

1. gr.

Borgarneshreppur annast sjálfur eða býður út alla sorphreinsun innan skipulagðra svæða sveitarfélagsins. Yfirstjórn hreinsunar er í höndum sveitarstjóra og með umsjón heilbrigðisnefndar sveitarfélagsins.

2. gr.

Sérhverjum húseiganda er skylt að nota þær aðferðir og tæki við sorpgeymslu, sem samþykkt þessi kveður á um.

3. gr.

Allur kostnaður við almenna sorpeyðingu greiðist úr sveitarsjóði. Sérhverjum húseiganda er þó skylt að greiða sérstakt sorphreinsunargjald, sem sveitarstjórn hefur heimild til þess að ákvarða, og skal það innheimt með fasteignagjöldum hvers árs.

4. gr.

Daglegt sorp frá íbúðarhúsum, veitingastöðum, verslunum o. s. frv., skal látið í sérstaka poka, sem sveitarfélagið afhendir. Pokunum skal komið fyrir í þar til smíðuðum sorpskáp eða sérstakri grind, með viðeigandi frágangi og loki yfir. Hús-